



2010

Þjóðarspegillinn

Hjúskapur og hrun

Ábyrgð, áhrif og afleiðingar

Hrefna Friðriksdóttir

Lagadeild
Ritstjóri: Helgi Áss Grétarsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-9-2



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hjúskapur og hrun

Ábyrgð, áhrif og afleiðingar

Hrefna Friðriksdóttir*

1. Inngangur

Hrun íslensku bankanna, fjármálakreppan og tengdir atburðir á Íslandi frá árinu 2008 hafa ekki bein áhrif á hjúskaparlög eða réttarstöðu hjóna að hjúskaparrétti.¹ Hrunið kallar því ekki með afgerandi hætti á breytingar á ákvæðum hjúskaparlaga. Óumdeild eru þó áhrif þessara atburða á stöðu fjölmargra einstaklinga og þessar sviptingar hafa haft víðtæk áhrif á stöðu fjölskyldna á mörgum sviðum. Í kjölfarið hrunsins hafa vaknað ýmsar áleitnar spurningar um stöðu fólks í hjúskap, svo sem um eignarrétt hjóna, ábyrgð einstaklinga á skuldum, hvaða áhrif hjúskapur hefur á réttarstöðu einstaklinga innbyrðis og í samskiptum við kröfuhafa svo og um skipti milli hjóna á eignum og skuldum ef til þessa kemur.²

Því hefur oft verið haldið fram að fólk geri sér ekki grein fyrir grunnreglum hjúskaparréttarins um fjármál og telja verður að umræður í kjölfar hrunsins hafi borið rík merki þessa. Þannig hefur t.d. hjúskaparstaða og ábyrgð einstaklinga í valdastöðum og í fjármálakerfinu komið til umræðu og því ýmist verið kastað fram að hjón beri sameiginlega ábyrgð í ríkari mæli en telja má lög gera ráð fyrir eða að hjúskapur hafi engin áhrif sem einnig má telja villandi ályktun.

Markmiðið með ritun þessarar greinar er að varpa skýrari ljósi á þær grunnreglur um fjárhagsmálefni hjóna sem gera má ráð fyrir að helst brenni á hjónum eftir hrunið. Sérstaklega verður hugað að samspili grunnhugmynda um samstöðu og sjálfstæði og um ábyrgð og áhrif hjúskapar. Umfjölluninni verður þannig háttað að í upphafi verður fjallað stuttlega um hjúskap með almennum hætti. Þá verður vikið að þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar reglum um réttarstöðu hjóna og fjallað um þær meginreglur sem gilda um fjárhagsmálefni. Yfirlit af þessu tagi er nauðsynlegt þar sem samspil þessara reglna er undirstaða þeirrar ábyrgðar sem hvílir á hjónum og þeim áhrifum sem hjúskapar getur haft. Jafnhliða verða dregin fram nokkur sérstök álitaefti sem helst koma til skoðunar í tengslum við hrunið. Að lokum verður, með hliðsjón af þessum undirstöðureglum, rætt um og dregnar saman ályktanir um ábyrgð hjóna, áhrif hjúskapar og afleiðingar hrunsins.

2. Réttaráhrif hjúskapar

2.1 Almennt um hjúskap

Fjölskyldu er oft lýst sem grundvallareiningu samfélagsins. Fjölskylda er þó fyrst og fremst félagsfræðilegt hugtak sem er notað um þá sem velja sér að búa saman og deila

* Höfundur er dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

¹ Í hjúskapar- og sambúðarrétti er fjallað um viðurkennd sambúðarform, stofnun, slit og helstu réttaráhrif, svo sem réttindi og skyldur og fjármál.

² Margar af þessum sömu spurningum vakna um réttarstöðu einstaklinga í óvígðri sambúð en skv. 2. mgr. 1. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 (hér eftir hjúskl.) taka löggin ekki til óvígðrar sambúðar. Samspil sjálfstæðis og samstöðu virðist þó jafnvel frekar valda misskilningi þegar um hjúskap er að ræða.

lífsgæðum með ákveðnum hætti. Fjölskylda sem slík er ekki skilgreint hugtak í lögum. Löggjafinn hefur hins vegar valið að tengja réttaráhrif með tilteknum hætti við ákveðnar gerðir af fjölskyldum sem kalla má *viðurkennd sambúðarform*.³

Í flestum réttarkerfum er *hjúskapur* elsta viðurkennda sambúðarformið og hjúskap fylgir yfirleitt skýrust staða í lagalegu tilliti.⁴ Jafnframt er víðast hvar lögð áhersla á að munur á réttarstöðu fólks í mismunandi fjölskyldugerðum sé eðlilegur með tilliti til þess að fólk eigi að hafa raunverulega valkosti um hvernig það vilji haga nánu lífssambandi sínu.⁵

Þrátt fyrir talsverðar breytingar á fjölskyldugerð á undanförunum áratugum þá velur stór hluti einstaklinga að ganga í hjúskap hverju sinni. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru kjarnafjölskyldur á Íslandi alls 77.227 þann 1. janúar 2010.⁶ Af þeim voru alls 51.892 pör í hjúskap og til samanburðar voru alls 12.530 pör í skráðri óvígðri sambúð.

Af meðfylgjandi töflu má sjá að hjónavígslum virðist hafa fækkað nokkuð í kjölfar hrunsins.

Tafla 1. Hjónavígslur 2005-2009⁷

2005	2006	2007	2008	2009
1659	1752	1797	1704	1480

Verðugt er að velta fyrir sér hvort þetta séu afleiðingar af hruni fjármálakerfisins. Spyrja má hvort pör hafi tekið upplýsta afstöðu til þess að hjúskaparfyrrirkomulagið henti þeim verr nú en áður, hvort þau velji þá frekar óvígða sambúð og af hverju. Nefnt hefur verið að fólki vaxi í augum sá kostnaður sem oft er tengdur hjúskaparstofnun og hvort verri fjárhagsstaða sé þannig að koma í veg fyrir að fólk njóti þess ramma sem hjónabandið býður upp á.⁸

Á móti kemur að hrunið virðist ekki hafa haft umtalsverð áhrif á skilnaðartíðni.

³ Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja- og erfðaréttur“. Í ritinu *Um lög og rétt – belstu greinar íslenskrar lögfræði*, Reykjavík 2009, bls. 436.

⁴ Þess ber að geta að hjúskapur er skilgreindur með mismunandi hætti í einstökum ríkjum. Sem dæmi má nefna var staðfest samvist, sem áður var eitt af viðurkenndum sambúðarformum, fellt niður í íslenski löggjöf með gildistöku laga nr. 65/2010 um breytingu á hjúskaparlögum, lögum um staðfesta samvist o.fl., og tveimur einstaklingum þess í stað gert kleift að stofna til hjúskapar hjúskapar í stað eldra skily, sjá Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 1302 – 485. mál.

⁵ Skýrsla um réttarstöðu sambúðarfólks, Alþ. 2000-2001, A-deild, bls. 3950.

⁶ Upplýsingar sóttar af www.hagstofa.is þann 15. ágúst 2010. Samkvæmt tölum Hagstofunnar teljast til kjarnafjölskyldu hjón, einstaklingar í staðfestri samvist, einstaklingar í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri og einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri.

⁷ Upplýsingar sóttar af www.hagstofa.is þann 16. ágúst 2010, bráðabirgðatölur fyrir árið 2009.

⁸ Sjá t.d. „*Kirkjubúðkaupum fækkar*“ Fréttablaðið 2. júní 2010, bls. 12.

Tafla 2. Skilnaðir og skilnaðartíðni⁹

	Skilnaðir að borði og sæng	Lögskilnaðir	Uppsafnað
	alls	alls	skilnaðarhlutfall %
2005	474	564	39
2006	492	516	35
2007	483	526	36
2008	465	560	38
2009	493	550	36

Þrátt fyrir þetta má leiða líkum að því að hrunið hafi haft talsverð áhrif á uppgjör vegna skilnaðar eins og nánar verður vikið að síðar.

2.2 Grundvallarreglur í hjúskaparrétti

Samfélagsþróunin eftir miðja síðustu öld hafði í för með sér róttækar breytingar á gildum, lífsháttum, samskiptum og fjölskyldugerð.¹⁰ Hlutverk fjölskyldu hefur breyst, m.a. í takt við þróun velferðarkerfisins, og barátta fyrir jafnrétti kynjanna hefur raskað hugmyndum um hefðbundin hlutverk karla og kvenna. Örar breytingar á fjölskyldum gera miklar kröfur til þess að réttarreglur, ekki síst hjúskaparrétturinn, lagi sig að raunverulegum högum og stöðu fólks og reynir þar á margvísleg sjónarmið svo sem siðræn, félagsleg, menningar- og efnahagsleg.¹¹

Hér er ekki svigrúm til þess að fjalla ítarlega um þá hugmyndafræði sem legið hefur til grundvallar breytinga á hjúskaparlöggjöf en mikilvægt er að nefna nokkur atriði.

Hugmyndir um hjúskap sem frjálst lífssamband tveggja einstaklinga hafa sett mark sitt á reglur um stofnun og slit hjúskapar og gert aðrar reglur hjúskaparlaga sveigjanlegri en áður var.¹²

Þau sjónarmið sem hér skipta mestu máli eru þó í fyrsta lagi áhersla á hjón sem jafnréttáa, sjálfstæða einstaklinga í hjúskapnum. Í öðru lagi er að auki byggt á hugmyndum um samstöðu hjóna og sameiginlega ábyrgð. Í þriðja lagi hafa sjónarmið um sanngirni og vernd sett mark sitt á sífjalöggjöf en þar er litið til hagsmuna fjölskyldu í heild og þeirra sem standa verr að vígi.¹³

Segja má að sjónarmið um sjálfstæði og samstöðu togist nokkuð á.¹⁴ Ef horft er á fjármálaskipulag í hjónabandi þarf að spyrja að hvaða leyti einstaklingar í hjónabandi eigi að vera sjálfstæðir í fjárhagslegu tilliti og að hvaða leyti eða með hvaða hætti rétt sé að ganga út frá samstöðu og sameiginlegri ábyrgð.¹⁵ Um þetta er að finna nokkur skýr ákvæði í hjúskaparlögum en auk þeirra eru ákvæði um hina sanngjörnu niðurstöðu sem víkur frá meginreglunum og má að einhverju leyti nota til að finna hentugustu lausnina í hverju máli.

⁹ Upplýsingar sóttar af www.hagstofa.is þann 16. ágúst 2010, bráðabirgðatölur fyrir árið 2009. Uppsafnað skilnaðarhlutfall vísar í líkurnar á því að giftur einstaklingur skilji ef miðað er við hlutfall og lengd hjónabanda sem enda með skilnaði árlega.

¹⁰ Í flestum fræðigreinum tíðkast nú að tala um fjölskyldur en ekki fjölskylduna þegar rætt er um þessa stofnun sem samheiti, sjá Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir: *Ungmennni og attartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík 2008, bls. 9

¹¹ Sjá t.d. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008, bls. 17 og 29-31 þar sem fjallað er um sífjarétt frá kyrrstöðu til kraftmikillar þróunar.

¹² Sjá t.d. 16. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948, 12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. l. nr. 62/1994 og 23. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 1966.

¹³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2469 og Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 29 og 40.

¹⁴ Sjá t.d. Linda Nielsen: *Familieformueretten: Skilsmisse og skifte*, Kaupmannahöfn 1993, bls. 77-83 og 460-461.

¹⁵ Margir hafa bent á að nútímalöggjöf hafi ekki fundið rétt jafnvægi milli þessara sjónarmiða í hjúskaparrétti, sjá t.d. Anne-Blanca Dahl og Sicile Tveøy: „Skjevdeling“ í *Tidskrift for familierett, arverett og barneverndrettslige spørsmål*, nr. 2 2006, bls. 145, og Jonathan Herring: *Family Law*, 4. útg. Harlow 2009, bls. 184.

Óhætt er að fullyrða að fólk geri sér ekki skýra grein fyrir þeim lagareglum sem gilda um þessi atriði.¹⁶ Reynslan sýnir að jafnvel þó fólk geri sér óljósa grein fyrir einhverjum grunnhugmyndum þá áttar fólk sig almennt ekki á beitingu reglnanna. Hin raunverulega staða blasir fyrst við þegar erfiðleikar stöðja að, svo sem við þær aðstæður sem blasa við eftir hrunið, t.d. við aðför skuldheimtumanna og við skilnað, og þá verður hin lagalega niðurstaða oft önnur en fólk hefur gert ráð fyrir eða óskar eftir.¹⁷

2.3 Réttaráhrif hjúskapar á ýmsum sviðum

Hjónaband er flókið persónulegt lífssamband tveggja einstaklinga sem án efa leggja mismunandi skilning í hugtök eins og réttindi og skyldur, sjálfstæði og samstöðu, ábyrgð og áhrif.

Réttaráhrifa hjúskapar gæti á fjölmörgum sviðum. Hér er ekki ráðrúm til að fjalla um t.d. áhrif hjúskapar samkvæmt skattalögum, lögum um almannatryggingar, lífeyrisréttindi, félagslega aðstoð o.fl. Ekki er heldur fjallað um áhrif í erfðarétti eða barnarétti, t.d. áhrif á meðlagsgreiðslur skv. ákvæðum barnalaga.

Ástæða þykir til að áréttá hér að einstaklingur er talinn vanhæfur til að fara með tiltekið mál sem snertir fjárhagslega stöðu maka hans eða aðra með afgerandi hætti. Þannig gilda skýrar reglur um vanhæfi til að taka ákvarðanir í málum sem varða sérstaka og verulega hagsmuni maka, fyrrverandi maka og nánna ættingja maka, sbr. t.d. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, d. lið 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og d. lið 1. mgr. 6. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Forsendur hæfisreglnanna eru sá ófullkomleiki manna og breyskleiki að þeir geta meðvitað eða ómeðvitað gerst hlutdrægir við meðferð og úrlausn máls.¹⁸ Þykir þessi hætta ljóslega vera fyrir hendi í málum sem snerta maka, væntanlega vegna þeirrar órjúfanlegu tilfinninga- og hagsmunasamstöðu sem þykir vera fyrir hendi.

3. Framfærsla og fjármál hjóna

3.1 Helstu álitamál

Þær hremmingar sem dunið hafa á fjármálakerfi íslendinga láta engan ósnortinn. Nægir hér að nefna áhrifavalda eins og aukið atvinnuleysi, lækkun launa, hækkun neysluvara, lækkun eignaverðs, tregðu í sölu eigna, verðbólgu og gengissveiflur.¹⁹ Við þessar aðstæður vakna spurningar um beitingu lagaákvæða um framfærslu og fjármál hjóna.

Það skiptir meira máli en marga grunar að hafa skýra mynd af skipulagi fjárhagsmálefna hjóna. Þannig skiptir miklu máli að vita hver eyðir í hvað, hvort hjóna á eignirnar sem komið er með eða sem verða til og hvort hjóna tekst á hendur þær skuldbindingar sem stofnað er til í hjúskap. Hætta er á því að fólk sem gengur í hjónaband forðist að skoða ýmsar þær lagareglur sem snerta fjármál hjóna enda þyki þær varpa skugga á tilfinningarnar sem ráða ríkjum og leiða hugann óþarflega að möguleikanum á því að illa fari fyrir sambandinu. Skipulag fjárhagsmálefna getur þó haft úrslitaáhrif á stöðu hjónanna *meðan hjúskapur varir*, t.d. þegar reynir á rétt til að

¹⁶ Sjá t.d. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 95-95, Hrefna Friðriksdóttir: „Lagaleg staða fjölskyldunnar – sífaréttur“. Í ritinu *Fjölskyldan: Uppspretta lífsgilda*. Reykjavík 1994, bls. 77 og Hrefna Friðriksdóttir: „Sífa- og erfðaréttur“, bls. 449. Sjá einnig t.d. *Hrd. frá 13. mars 2008 í máli nr. 384/2007* og *dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 13. nóvember 1996 í máli nr. E-178/1996* þar sem kröfugerð og málatilbúnaður aðila virtist byggður á þeim misskilningi að annað hjóna væri eigandi alls bússins.

¹⁷ Sjá t.d. Grete K. Nielsen: „Skjevdeling i et kvinneperspektiv“, *Tidskrift for familierett, arverett og barnevernrettslige spørgsmål*, nr. 2, 2009, bls. 83–84 og Mary Welstead og Susan Edwards: *Family Law 2*. útg. Oxford 2008, bls. 65.

¹⁸ Páll Hreinsson: *Hæfisreglur stjórnslulaga*. Reykjavík 2005, bls. 332.

¹⁹ Sjá t.d. Alþt. 2009-2010, A–deild, þskj. 952 – 562. mál og þskj. 1363 – 670. mál.

ráðstafa eign eða rétt skuldheimtumanna til að ganga að eign, og einnig skipta þessi atriði sköpun við *skilnað eða andlát*. Verður nú vikið nánar að þessum álitafnum.

3.2 Framfærsla

Í I. kafla hjskl. er fjallað með almennum hætti um réttindi og skyldur hjóna og ákvæðin helgast af sjónarmiðum um samstöðu og sameiginlega ábyrgð.²⁰ Í 2. gr. er áréttuð jafnstaða hjóna og jafnar skyldur þeirra hvort gagnvart öðru og gagnvart börnum. Hjónum ber m.a. að styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilis og fjölskyldu. Samkvæmt 3. gr. skulu hjón skipta með sér verkefnum á heimili eftir fönngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu fjölskyldu. Hjónum er einnig skylt að veita hvort öðru upplýsingar um afkomu sína, þ.e. um tekjur, eignir og skuldir og horfur á næstunni.

Í VII. kafla laganna er fjallað nánar um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar en hin gagnkvæma framfærsluskylda hefur lengi verið talin ein af höfuðskyldum hjúskapar.²¹ Samkvæmt 46. gr. bera hjón sameiginlega ábyrgð á framfærslunni, framfærsluframlög skulu skiptast milli hjóna eftir getu og aðstæðum og mega vera fólgin í peningagreiðslum, vinnu á heimili eða öðrum stuðningi, sbr. 47. gr. Sýslumaður getur úrskurðað þann sem vanrækir framfærsluskylda sína til að greiða maka tiltekin fjárfrahlög skv. 49. gr. hjskl. Gagnkvæm framfærsluskylda helst eftir skilnað að borði og sæng en fellur almennt niður við lögskilnað, sbr. 50. gr. hjskl.

3.3 Eignir hjóna

3.3.1 Almennt um eignir

Samkvæmt 4. gr. ræður hvort hjóna yfir eign sinni eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Þetta fyrirkomulag má rekja til breytinga sem urðu á norrænni sífjalöggjöf frá þriðja áratug síðustu aldar þegar afnumin voru ákvæði um einræði húsbóndans yfir félagsbúi hjóna.²² Grunnreglur þess fjárskipulags sem komst á með lögum nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna hafa haldist að mestu óbreyttar og var ekki haggð við þeim við setningu gildandi hjúskaparlaga.²³

Reynslan sýnir glögg að flestum eru framandi þær reglur sem gilda um eignir hjóna. Þannig er oft talað um „bú“ hjóna eða „félagsbú“ sem er óheppilegt orðalag í þessu sambandi eins og t.d. var bent á við setningu laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 (hér eftir skl.):

„Notkun hugtaksins „bú“ verður að teljast verulega villandi í þessu samhengi þó ekki væri litíð til annars en þess að öll áðurgreind lög byggja á þeim grunni að einstakar eignir tilheyri öðru hvoru hjóna eða eftir atvikum að hjón geti átt tiltekna eign að sérstakri sameign ... Eignir hjóna ... tilheyra þannig ekki „bú“ sem myndast milli þeirra og enn síður hvíla skuldbindingar á slíkri ímyndaðri lögpersónu, heldur á öðru hvoru hjónanna ... eða eftir atvikum á báðum í senn hafi bæði gengist undir hana.“²⁴

²⁰ Alþt. 1992–93, A-deild, bls. 2782.

²¹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 337.

²² Sjá lög nr. 3/1900 sem afnumin voru með lögum nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna þar sem m.a. var fjallað um eignamynstrið og skuldaábyrgð í hjúskap.

²³ Í norræna lagasamstarfinu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar komu fram ýmsar róttækar hugmyndir um breytingar á reglur um fjármál hjóna. Þótt svipuð sjónarmið liggja til grundvallar gildandi norrænni löggjöf má nefna að t.d. í Noregi hefur hjúskaparlögum verið breytt nokkuð og lögð ríkari áhersla á sjálfstæði hvors hjóna á kostnað samstöðu og samábyrgðar, sérstaklega þegar kemur að skiptum á búi hjóna, sjá t.d. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 384–386 og Asbjørn Strandbakken: „Harmonisering av familietten i Norden“. *Lov og rett* nr. 10, 2004, bls. 632.

²⁴ Alþt. 1990–91, A-deild, bls. 1360. Sjá einnig Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 757 og *Hrd. 2002:1718 (mál nr. 146/2002)*.

Nokkrar ástæður má telja valda því að reglurnar um eignir hjóna virðast koma mörgum á óvart við nánari skoðun. Hér má nefna að eignarréttur hvors maka um sig er nokkrum *takmörkunum* háður umfram það sem gildir almennt um eignarétt einstaklinga, sbr. 60.-66. gr. hjskl. en um þetta verður þó ekki nánar fjallað hér.²⁵

Þá er líklegt að hin gagnkvæma *framsærsluskýlda* sem áður var nefnd hafi hér áhrif. Með hliðsjón af þeim reglum hafi hjón oft sameiginlegan fjárhag og það verði tilviljunum háð hvort þeirra leggi út fyrir því sem keypt er og hvort verði skráður eigandi eignar. Í sumum tilvikum má eflaust rekja alla eignamyndun til sameiginlegra framlaga og lántöku. Í öðrum tilvikum koma annað eða bæði hjóna með talsverðar eignir inn í hjúskap. Þá blasir t.d. við að á árunum fyrir hrun hafði allstór hópur einstaklinga gríðarlega há laun og eignasöfnun margra hlýtur að hafa verið talsverð umfram það sem telst til venjulegra heimilisþarfa.²⁶ Áleitnar spurningar vakna um hvort hjón hafi haft skýra mynd af því hver átti hvað við þessar aðstæður og hvernig hjón hafa tekist á við breytingar í kjölfar hrunsins.

Aðrar meginástæður misskilning eru væntanlega í fyrsta lagi *sérhugtök* sem notuð eru um eignir fólks í hjúskap²⁷ og í öðru lagi nátengt þessu hin svokallaða *helminga-skéiptaregla* sem almennt gildir við skipti á búi hjóna. Mikilvægt er að skoða þetta nánar og víkja að þeim álitaeftum sem tengja má efnahagsástandinu.

3.3.1 Hjúskapareignir

Sérstök hugtök um allar eignir hvors hjóna eru eitt af meginéinkennum á fjármálaskipulagi í hjúskap. Allar eignir eru þannig annað hvort *hjúskapareignir* eða *séreignir*, sbr. 53. gr. hjskl. Áréttu ber að þessi hugtök haggja í grundvallaratriðum ekki þeirri meginreglu að hvort hjóna á sínar eignir og hefur almennt forræði þeirra. Hugtökini eru öðru fremur til að minna á að eignarrétturinn í hjúskap er háður frekari takmörkunum en eignarréttur einstaklinga utan hjúskapar.²⁸

Fjallað er um eignir hjóna í VIII. kafla hjskl. Samkvæmt 54. gr. laganna verður eign maka *hjúskapareign* nema sérstakar heimildir standi til annars. Þetta tekur til eigna sem maki á fyrir hjúskap og flytur með sér og einnig til eigna sem hann öðlast síðar og gegnir þá einu með hvaða hætti eignar er aflað.

Hjúskapareignarfyrirkomulagið er því hið almenna og verður að grípa til formlegra ráðstafana til að gera eign að séreign. Hið algengasta í þeim eignum eru sérstakir samningar milli hjóna sem kallast *kaupmálar* og nota má til að stofna til séreignar í hjúskap, sbr. 55. gr. hjskl.²⁹

Þess ber að geta að hjón verða einnig að gera kaupmála ef þau vilja gefa hvort öðru gjafir umfram það sem venjulegt getur talist, sbr. 72. gr. hjskl. Hjón verða þá að velja hvort gjöfin verði hjúskapareign eða séreign viðtakanda.

²⁵ Hér reynir helst á reglur um banna öðru hjóna að ráðstafa tilteknum eignum, svo sem fasteign þar sem fjölskyldan býr, án samþykkis maka.

²⁶ Sjá t.d. *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008*. Alþingi 2010. 8. bindi (Viðauka 1) bls. 82-85 þar sem fjallað er um lúxuslífið í góðærinu. Sjá einnig Arnald Sölva og Stefán Ólafsson: „Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993-2007“. *Fréttabréf Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands* nr. 3, 2009. Þar kemur m.a. fram að efsta 1% fjölskyldna var að jafnaði með 1,6 milljónir í fjölskyldutekjur á mánuði árið 1993 á föstu verðalagi en hafði hækkað í 18,2 milljónir á mánuði árið 2007. Sjá einnig Arnald Sölva og Stefán Ólafsson: 100 tekjuhæstu einstaklingarnir, samkvæmt Frjálsri verslun: Þróun atvinnutekna þeirra 1990-2009. *Fréttabréf Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands* nr. 3, 2010 þar sem fram kemur að atvinnutekjur 100 tekjuhæstu einstaklinganna jukust langt umfram tekjur annarra í þjóðfélaginu frá 2003-2007 en árin 2008 og 2009 dró aftur verulega úr tekjum þeirra.

²⁷ Peter Lødrup: „Strøtanker omkring særeie og felleseie, skjevdeling og juridisk terminologi“. *Jussens Venner* nr. 4-5, 2002, bls. 206-207 og Asbjørn Strandbakken: „Harmonisering av familietten i Norden“, bls. 624.

²⁸ Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja- og erfðaréttur“, bls. 443.

²⁹ Séreign getur einnig stofnast með öðrum hætti, sbr. 55. gr. laganna, þ.e. fyrir ákvörðun gefanda eða arfleiddanda eða verið lögmælt, en um það verður ekki fjallað nánar hér.

Helsti munurinn á hjúskapareign og séreign í hjúskap er sá að þær fyrrnefndu koma almennt til skipta við fjárskipti milli hjóna. Gildir þá meginregla hjskl. um svokölluð *hellingaskipti*. Séreignir standa hins vegar almennt utan skipta.

Hellingaskiptareglan á vafalítið stóran þátt í því að hjón misskilja reglurnar og telja hjúskapareignir almennt það sama og *sameignir*.³⁰ Samkvæmt 56. gr. hjskl. geta hjón átt eign í sameign en þá verða hjón að átta sig á því að eignarhluti hvors um sig í tilteknum hlutföllum er annað hvort hjúskapareign viðkomandi eða séreign.

Mikilvægi þess að eignarhald liggj skýrt fyrir er ótvírætt eins og fjölmörg dæmi sanna. Þegar vafi leikur á eignarhaldi þá veitir formleg skráning eigna löglíkur fyrir eignarheimild hjúskapareignar. Skráning eða þinglýsing þarf þó ekki að ráða endanlega úrslitum um eignarheimild heldur getur þurft að leggja mat á framlög hvors um sig og þá er brýnt að varðveita gögn um fjármál sín:

Við opinber skipti til fjárslita milli M og K vegna skilnaðar deildu hjónin um hvort tiltekin fasteign, sem var þinglýst eign M, væri hjúskapareign hans eða þeirra beggja. Hæstiréttur taldi að þinglýsingin veitti ákveðnar líkur og til að hnekkja þeim yrði K að sanna að hún hefði í reynd greitt hluta kaupverðs eða byggingarkostnaðar eignarinnar. Niðurstaðan varð sú að M ætti 75% eignarinnar og K 25%.³¹

Við aðstæður eins og skapast hafa hér á landi hljóta að vakna fjölmargar spurningar um eignarhald, skráningu og fjármögnun. Vert er að undirstrika að mismunandi sjónarmið geta átt við annars vegar þegar hjón deila innbyrðis um eignarrétt og hins vegar þegar litið er til hagsmuna veðhafa og skuldheimtumanna. Þannig gengur réttur skuldheimtumanna þess maka sem skráður er fyrir fasteign almennt frammar hugsanlegum óþinglýstum eignarrétti hins makans. Þetta byggir á ákvæðum þinglýsingarlaga nr. 39/1978 um heimildar- og réttaráhrif þinglýsingar.³²

Eftirfarandi dæmi sýnir glögglega hversu mikilvægt það er að eignarrétturinn liggj skýrt fyrir, ekki síst með tilliti til skuldastöðu íslenskra heimila um þessar mundir:

Skuldheimtumaður M krafðist fjárnáms í fasteign við Melgerði sem hann taldi tilheyra „félagsbúi“ hjóna. Fasteignin var skráð eign K, eiginkonu M. Skuldheimtumanni tókst hvorki að sanna að húseignin væri hjúskapareign M né sameign M og K og var því ekki fallist á að gera mætti fjárnám í eigninni fyrir dómskuld á hendur M.³³

³⁰ Sjá t.d. Anders Agell: Nordisk äktenskapsrätt, Nord 2003:2, bls. 107.

³¹ Hrd. 1997, bls. 2252.

³² Sjá t.d. Hrd. 1992, bls. 2325 þar sem leiddar voru líkur að því að K ætti í raun hluta fasteignar að séreign en réttur hennar varð að víkja fyrir aðför skuldheimtumanna M sem var einn þinglýstur eigandi umræddrar eignar. Einnig má nefna Hrd. 1999, bls. 1808 (mál nr. 383/1998) þar sem M seldi þinglýsta fasteign sína og afhenti eiginkonu sinni helling andvirðis sem sameiganda, greiðslunni var síðar rift eftir að bú M var tekið til gjaldþrotaskipta enda þótti ekki sannað að K hefði fjármagnað fasteignakaup M. Samskonar álitaefni var uppi í Hrd. 2002, bls. 1476 (mál nr. 307/2001).

³³ Hrd. 1959, bls. 73.

3.3.2 Séreignir

Eins og áður sagði geta hjón valið að gera kaupmála um að tiltekin verðmæti skuli verða séreign annars þeirra, sbr. 74. gr. hjskl. Séreignafyrirkomulag getur náð til allra eigna eða einungis hluta þeirra.

Hvatar að því að gera kaupmála um séreignir eru án efa mismunandi.³⁴ Algengast er talið að hjón vilji tryggja að eign komi ekki til skipta ef þau skilja. Þá er talið að stundum vaki fyrir hjónum að tryggja sig gagnvart skuldheimtumönnum annars, t.d. ef annað hjóna stendur í áhættusömum viðskiptum.³⁵ Slíkir kaupmálar fela þá oft í sér gjöf, þ.e. endurgjaldslaus eignaryfirfærslu annars maka til hins. Þegar gerður er kaupmáli sem felur í sér gjöf og tilgangurinn er að tryggja sig gagnvart skuldheimtumönnum er æskilegt að hjón hafi einhverja vitneskju um riftunarreglur laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Samkvæmt þeim reglum er hægt að rifta gjafagerningi ef gjöfin var afhent á tilteknum tíma áður en óskað er gjaldþrotaskipta.³⁶ Ef um er að ræða nákomna eins og maka þá er þessi tími almennt allt að tveimur árum nema leitt sé í ljós að þrotamaður hafi á tilteknum tíma verið gjaldfær þrátt fyrir gjöfina, sbr. 131. gr. gjaldþrotaskiptalaga.³⁷ Með lögum nr. 31/2010 var bætt við bráðabirgðaákvæði um að frestir til riftunar ráðstafana þrotamanns skuli á tímabilinu 6. október 2008 til 31. desember 2011 miðast við fjögur ár.³⁸

Nokkuð hefur verið rætt um mál af þessu tagi eftir hrunið.³⁹ Það er athyglisvert að skoða hvort kaupmálum hafi fjölgað í aðdraganda hrunsins eða í kjölfarið en það gæti gefið vísbendingar um að hugsanlega hafi vaknað grunur hjá einhverjum um aðsteðjandi vanda eða kviknað hafi löngun til að freista þess að forða eignum frá aðför skuldheimtumanna.⁴⁰ Þegar skoðuð eru nokkur stærstu sýslumannsembætti landsins kemur í ljós að kaupmálum fjölgar nokkur á árunum 2007-2009, þannig verður t.d. talsverð aukning í Reykjavík árið 2008.⁴¹

³⁴ Oft er um að ræða samþættar ráðstafanir, sbr. *Hrd.* 2005, bls. 1150 (*mál nr. 73/2005*) þar sem gerðar voru tvær erfðaskrár auk kaupmála til að tryggja tiltekna niðurstöðu í fjárskiptum hjóna. Erfðaskrárnar reyndust síðan ógildar vegna formgalla en ekki var fallist á kröfu um ógildi kaupmálans á grundvelli brostinna forsendna.

³⁵ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 570. Sjá einnig t.d. dóm *Hrd.* frá 27. ágúst 2007 í máli nr. 369/2007.

³⁶ Hér er nánar miðað við svokallaðan frestdag, sbr. 2. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991. Áréttar ber að riftunarreglur ná ekki eingöngu til gjafakaupmála heldur einnig annarra gjafa og ráðstafana, sjá t.d. *Hrd.* 1992, bls. 945 þar sem rift var fjárskiptasamningi sem hjón gerðu vegna skilnaðar enda þótti eignaryfirfærsla hafa falið í sér gjöf M til K.

³⁷ Fjölmarginir dómur hafa gengið um þetta efni, sjá t.d. *Hrd.* 2003, bls. 964 (*mál nr. 354/2002*). Þar hélt K því fram að hún hefði látið talsvert fé af hendi rakna til eiginmanns síns og hefði kaupmáli þeirra hjóna sem gerði fasteign beggja að séreign hennar ekki falið í sér gjöf. Á þetta var ekki fallist enda ekkert fjallað um endurgjald í kaupmálanum og ósannað um greiðslur í þessu skyni.

³⁸ Í frumvarpi er sérstaklega vikið að þeirri freistingu fyrir skuldara sem sér fram á þrot að reyna að búa í haginns fyrir sig t.d. með því að skjóta undan eignum til nákominna, sjá Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 221 – 197 mál.

³⁹ Sjá t.d. Fréttablaðið: „Sprenging í kaupmálum: 105 kaupmálar voru gerðir strax eftir hrún“. Fréttagrein, 17. maí 2010.

⁴⁰ Í frumvarpi til laga um lengingu fresta til riftunar ráðstafana þrotamanns segir beinlínis: „Eins er ljóst að fjölmarginir hafa gripið til ráðstafana í kjölfar bankahrunsins sem flokkast geta sem málamyndagerningar og undanskot eigna og getur það ekki liðist að þeir aðilar verði látnir komast upp með slíkt“, Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 221 – 197 mál.

⁴¹ Upplýsingar sem byggjast á ársskýrslum sýslumanna, sbr. www.syslumenn.is, síðast skoðað 25. ágúst 2010. Einnig fékk höfundur upplýsingar um þessi atriði frá viðkomandi embættum.

Tafla 3. Fjöldi skráðra kaupmála við nokkur embætti 2006-2009.

Sýslumaður	2005	2006	2007	2008	2009
Reykavík	166	164	165	187	154
Hafnarfjörður	45	32	33	33	57
Kópavogur	32	30	29	50	18
Akureyri	22	6	11	16	28
Keflavík	8	11	19	12	16

Ekki er unnt að fullyrða neitt um tilgang þessara kaupmála en það er verðugt rannsóknarefni að skoða þá nánar, t.d. hvenær þeir eru gerðir og hvers efnis þeir eru, þó ekki sé ráðrúm til þess hér. Dómstólar virðast ekki hafa fjallað sérstaklega um riftun ráðstöfunar skv. kaupmála eftir hrunið en ekki er útilokað að til þess kunni að koma síðar, sbr. lög nr. 31/2010 um framlengda fresti

3.4 Skuldir hjóna

Í 4. og 67. gr. hjskl. er fjallað um skuldaábyrgð hjóna. Mikið hefur verið rætt um skuldavanda að undanfögnu og við blasir ör aukning skuldasöfnunar íslenskra heimila á árunum eftir 2003.⁴² Hins vegar er ekki jafnljóst hvort hjóna ber ábyrgð á þessum skuldum.

Meginreglan um efnahagslegt sjálfstæði hvors hjóna hefur þá þýðingu að hvor maki ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hann stofnar til eða á honum hvíla. Þetta gildir óháð því hvort stofnað var til skuldar fyrir hjúskap eða meðan hjúskapur varir. Hjón geta að sjálfsögd stofnað til skuldar í sameiningu eða annað tekist á hendur ábyrgð á skuldum hins en það er undantekningin frá meginreglunni. Þá verður að geta þess að reynt getur á fjáraábyrgð hjóna hvort tveggja í uppgjöri þeirra við þriðja mann og í uppgjöri þeirra innbyrðis.⁴³

Sjálfstæð skuldaábyrgð hefur þá þýðingu að skuldheimtumenn geta almennt einungis gengið að því hjóna sem tókst á hendur ábyrgð á skuld, þ.e sem er lántakandi. Skuldheimtumenn geta einungis leitað fullnustu í eign lántakanda og annað hjóna getur orðið gjaldþrota ef það skuldar umfram eignir sínar án þess að það hafi bein áhrif á eignir eða skuldir makans.⁴⁴ Athyglisvert er að nefna hér ákvæði 69. gr. hjskl. þar sem segir að meðan sambúð vari sé öðru hjóna heimilt gagnvart þriðja manni að gera á ábyrgð beggja samninga sem venjulegir eru vegna sameiginlegs heimilishalds. Hvað telst venjulegt verður að miðast almennt við hagi og afkomu þess fólks sem í hlut á.⁴⁵ Velta má fyrir sér gildissviði ákvæðisins varðandi ýmsar ráðstafanir og neysluvenjur sem virðast hafa rutt sér til rúms í góðærinu. Ekki virðist hafa reynt á slík álitaeftir fyrir dómstólum og því nokkur óvissa um hvernig afmarka eigi samninga og ábyrgð skv. 69. gr. hjskl.⁴⁶

⁴² Stefán Ólafsson: „Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 2. tbl. 4. árg. 2008, þar er m.a. sýnd þróun skulda heimilanna á Íslandi 1990-2006. Sjá einnig *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008*. 2. bindi bls. 88-92 og 8. bindi (Viðauka 1) bls. 64.

⁴³ Annað hjóna getur t.d. verið lántakandi og borið eitt ábyrgð gagnvart fjármálafyrirtæki en viðkomandi hins vegar haldið því fram að bæði hjónin beri ábyrgð ef á þetta reynir við fjárskipti milli hjónanna.

⁴⁴ Sjá t.d. *Hrd. 1991, bls. 745* þar sem fellt var úr gildi fjárnám sem gert hafði verið í eign konu vegna skuldar eiginmanns hennar skv. skuldabréfi sem hann hafði gefið út sem greiðslu á kaupverði bifreiðar. Talið var að sýslumanni hefði láðst að leiðbeina konunni sérstaklega varðandi stöðu hennar gagnvart kröfu gerðarbeiðanda þar sem hún bæri ekki ábyrgð á þessari skuld eiginmannsins.

⁴⁵ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 462.

⁴⁶ Til viðbótar við 69. gr. hjskl. má einnig láta reyna á reglu um umboð, hvort tveggja ótvírætt umboð eða jafngildi þess og þá titið til þess hvort viðsemjandi þykir hafa réttmætar væntingar til þess að bæði hjón beri ábyrgð á skuld, sbr. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 468.

Þá verður að geta þess að sérreglu um sameiginlega skuldaábyrgð er að finna í 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt⁴⁷ en skv. því bera hjón óskipta ábyrgð á greiðslu skatta og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum beggja. Hætt er við að þessi regla geti orðið mökum eða jafnvel fyrrverandi mökum skuldara þungbær enda fyrirliggjandi ýmis álitæfni um endurákvörðun skatta í kjölfar hrunsins.⁴⁸

Mikilvægt er að benda á að rétt eins og með eignir þá geta hjón deilt um það hvort t.d. skráður lántakandi beri einn ábyrgð á skuld eða hvort raunverulega sé um sameiginlega skuld að ræða.⁴⁹ Líklegast er að á þetta reyni við fjárskipti, sjá nánar síðar, en til skýringar má hér nefna:

M og K áttu íbúð í óskiptri sameign. M tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni bróður K, láninu var síðar skuldbreytt og M gaf út skuldabréf í eigin nafni sem tryggt var með veði í íbúð M og K. K samþykkti veðsetninguna. Við opinber skipti vegna skilnaðar M og K hélt hann því fram að þetta væri sameiginleg skuld þeirra hjóna og féllst héraðsdómur á það. Hæstiréttur taldi hins vegar að M hefði ekki tekist að færa rök fyrir því á hvaða grundvelli K bæri ábyrgð á skuldinni og var kröfu M hafnað.⁵⁰

3.5 Fjárskipti milli hjóna

Við skilnað fara fram fjárskipti milli hjóna. Hjón geta gert fjárskiptasamning sem þau staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara en auk þess getur annað eða bæði krafist opinberra skipta, sbr. ákvæði XIV. kafla hjskl. og ákvæði XIV. kafla skl.

3.5.1 Helmingaskiptareglan

Við fjárskipti gildir meginregla hjskl. um að hvort hjóna eigi tilkall til helminga úr skírri hjúskapareign hins, skv. 103. gr., sbr. 99. gr. og 100. gr. um afmörkun eigna og skulda (helmingaskiptareglan).⁵¹ Helmingaskiptareglan er rótgróin í norrænum rétti og markmið hennar er að veita hvorum maka um sig hlutdeild í eignum hins og stuðla þannig að jafnstöðu við hjúskaparlok.⁵² Helmingaskiptareglan byggir því á fjárhagslegri og félagslegri samstöðu sem reynir þó ekki á fyrr en við fjárskipti og reglan togast nokkuð á við reglurnar um efnahagslegt sjálfstæði hjóna meðan hjúskapur varir.

Reynslan sýnir að allmörgum er kunnugt um tilvist helmingaskiptareglunnar⁵³ en spurningar vakna hins vegar um beitingu hennar. Samkvæmt 109. gr. skl. skal við skiptin greina á milli þeirra eigna sem tilheyra hvorum aðila fyrir sig og fara eins með

⁴⁷ Sjá gagnrýni hjá Asbjörn Strandbakken: „Harmonisering av familietten i Norden“, bls. 625.

⁴⁸ Sjá *Hrd.* 2002, bls. 232 (mál nr. 34/2002) og *dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. mars 2010 í máli nr. E-3856/2009* um skattalega meðferð söluhagnaðar í tengslum við söluréttarsamninga. Einnig t.d. lög nr. 104/2010 um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda. Áréttá ber að það hjóna sem innir af hendi greiðslu getur krafist hitt um þann hluta skatts sem koma skyldi í þess hlut miðað við tekjur og eignir hvors hjóna.

⁴⁹ Sjá t.d. Anders Agell: *Nordisk æktenskrætti*, Nord 2003:2, bls. 137. Einnig *Hrd.* 1961, bls. 839 og *Rt.* 1990:1226 þar sem eiginmaður var lántakandi en meirihluti dómsins taldi skuld sameiginlega. Til grundvallar lágu sjónarmið um fjárhagslega samstöðu þessara tilteknu hjóna og þótti aðdragandi og tilefni lántöku gefa til kynna að hjónin hefðu ætlað sér innbyrðis að bera sameiginlega ábyrgð á láni. Samsvarandi niðurstaða í *Rt.* 1996:1666.

⁵⁰ *Hrd.* 1995:3012.

⁵¹ Skv. 110. gr. hjskl. er maka heimilt við fjárskipti að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, þó á þeirri forsendu að hann geti fullnægt þeim fjárskuldbindingum sem á honum hvíla. Þá er rétt að geta þess að helmingaskiptareglunni er einnig beitt við andlát annars hjóna til þess að afmarka hvað fellur til dánarbús hins látna og stendur til arfs eftir hann, skv. 2. mgr. 34. gr., sbr. 109. gr. skl.

⁵² Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 2532. Reglur um frávik frá helmingaskiptum hafa þó verið rýmkaðar nokkuð, sbr. t.d. 104. gr. hjskl., 69. gr. a. í dönsku lov om skifte af fællesbo, sbr. LBK nr. 725 frá 1986, og 59. gr. norskra hjskl. nr. 47 frá 1991 þar sem helmingaskipti hafa verið þrængd verulega.

⁵³ Sjá þó t.d. *dóm Hrd. frá 13. mars 2008 í máli nr. 384/2007* þar sem hvorugu hjóna virtist kunnugt um helmingaskiptaregluna.

skuldir viðkomandi. Skuldir hvors um sig eru síðan dregnar frá hjúskapareignum hans og ef eignir eru umfram skuldir þá færi maki helming af hreinni hjúskapareign.⁵⁴ Ef skuldir eru umfram eignir þá situr sá sem skuldar hins vegar einn upp með skuldir sínar í samræmi við meginregluna um sjálfstæða skuldaábyrgð. Enn og aftur skiptir því sköpum að átta sig á því hver er eigandi eigna og hver skuldar hvað. Niðurstaða helmingaskipta getur auðveldlega orðið sú að annar maki situr upp með skuldir en hinn með eignir. Á þetta hlýtur að reyna sérstaklega þegar skuldastaða fólks hefur breyst með jafn afgerandi hætti og undanfarið.

Vert er að nefna að í kjölfar sviptinga á fjármálamarkaði hér á landi hefur orðið umræða um vanrækslu manna í starfi, skaðabótaábyrgð og jafnvel refsíábyrgð, t.d. sektargreiðslur, einstaklinga. Í þessu sambandi gæti reynt á ákvæði 2. mgr. 106. gr. hjskl. en þar segir að skuldir sem annað hjóna hefur bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð komi því aðeins til frádráttar að önnur efni maka hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.⁵⁵

3.5.3 Nokkur álitafni um fjárskipti

Ýmsar spurningar vakna um fjárskiptasamninga og opinber skipti milli hjóna í kjölfar kreppunnar. Hér verður vikið að *verðmati eigna*, úrlausn ágreinings um *ábyrgð á skuldum* og *ógildingu fjárskiptasamninga*.

Í nýlegum héraðsdómi sést vel hvaða áhrif kreppan hafði:

Hjónin slitu samvistir í september 2004, mál til lögskilnaðar var höfðað í nóvember 2005 og opinberra skipta krafist í desember sama ár. Í febrúar 2008 lagði skiptastjóri fram sáttatillögu sem byggði á tilteknu verðmati eigna en sátt náðist ekki. Ágreiningur aðila var á endanum lagður fyrir héraðsdóm þar sem K krafðist þess að fá fasteign í sinn hlut án þess að greiðsla kæmi fyrir. K vísaði til efnahagsástandsins, hækkunar áhvílandi lána og lækkunar fasteignaverðs. M vísaði einnig til ástandsins en taldi aðstæður sérstakar, fasteignamarkaður hlyti að rétta úr kútnum á næstunni og óvissa væri um afdrif áhvílandi veðkrafna þar sem verulegur þrýstingur væri á stjórnvöld að bregðast við með almennum hætti til leiðréttinga í kjölfar hrunsins. Taldi M eðlilegast að eignin yrði áfram í sameign hjónanna. Í málinu var fallist á kröfu K miðað við tiltekið verðmat.⁵⁶

Þrátt fyrir að ekki séu bornar brigður á efnislega niðurstöðu í ofangreindu máli verður að telja að í ofangreindum dómi hafi ranglega verið gengið út frá því að miða skuli verðmæti eigna við tímamark 101. gr. hjskl., þ.e. almennt það tímamark þegar fyrst er tekin fyrir krafa um skilnað. Eftir hrúnið hafa orðið sviptingar í verðmæti eigna sem eiga sér fá fordæmi og við þær aðstæður er nauðsynlegt að huga vel að reglum um *verðmat*. Með ákvæði 101. gr. hjskl. er einungis lagður skiptagrundvöllur með því að afmarka þær eignir sem falla undir skiptin. Af því leiðir ekki að verðmat eigna sem koma til skipta miðist við sama tímamark. Við það mat ber almennt að miða við gangverð eigna þegar mat fer fram á verðmæti þeirra gegn staðgreiðslu kaupverðs.⁵⁷

Annað brýnt álitafni tengist úrlausn ágreiningsmála um uppgjör skulda þegar engar eignir eru til staðar. Staðan er sú að við opinber skipti er einungis unnt að fá úr því skorið hvort hjóna beri *ábyrgð á skuld* í þeim tilvikum þegar eignir eru til staðar.

⁵⁴ Hér er ekki ráðrúm til að fjalla um eignir sem unnt er að halda utan skipta eða taka að óskiptu, sbr. t.d. 102. gr. hjskl. og 104. gr. skl.

⁵⁵ Í *Hrd. 2006, bls. 2125 (mál nr. 202/2006)* var skuld vegna ölvunaraksturs talin falla undir 2. mgr. 106. gr. hjskl.

⁵⁶ Dómur Héraðsdóms Austurlands frá 28. júní 2010 í máli nr. Q-1/2010.

⁵⁷ Sjá t.d. *Hrd. 2006, bls. 5186 (mál nr. 579/2006)* þar sem byggt er á 104. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. og 5. mgr. 22. gr., sbr. og 105. gr. skl.

Skuldaábyrgðin tengist þá afmörkun á skírri hjúskapareign hvors um sig og skiptum á þeirri eign.⁵⁸ Þetta má glöggst sjá á dómi Hæstaréttar frá árinu 2005:

„Opinberum skiptum til fjárlita vegna hjónaskilnaðar verður beitt til að fylgja eftir gagnkvæmu tilkalli samkvæmt 103. gr. hjúskaparlaga, sem hjón njóta við skilnaðar til hluta af skýrri hjúskapareign hvors annars. Svo sem ljóst er af fyrrgreindu ákvæði 3. mgr. 109. gr. laga nr. 20/1991 geta slík skipti á hinn bóginn ekki farið fram til að færa frá öðru hjóna yfir á herðar hins skuldir, sem eignir þess fyrrnefnda hrökkva ekki fyrir. Eins og mál þetta liggur fyrir er óumdeilt að hvorugu aðilanna tilheyrir eignir, sem verðgildi hafa. Þegar af þessum sökum verður að fallast á kröfu sóknaraðila um að málinu verði vísað frá héraðsdómi.“⁵⁹

Í málum af þessu tagi verður að gera ráð fyrir að hjón geti gert kröfur fyrir almennum dómstólum, t.d. um viðurkenningu á ábyrgð eða endurgreiðslu skuldar.

Að síðustu má gera ráð fyrir að fyrir liggji talsverður fjöldi fjárskiptasamninga vegna skilnaðar hjóna frá því rétt fyrir hrun sem byggja á verðmati eigna og fjárhæð skulda á þeim tíma. Ef eign er lögð út samkvæmt mati verður undir eðlilegum kringumstæðum að telja að sammingsaðilar verði hvor um sig að bera áhættuna af því að verð geti ýmist hækkað eða lækkað eftir að samningur er gerður.⁶⁰ Um *ógildingu fjárskiptasamninga* gilda ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjskl. og hinar almennu meginreglur III. kafla samningalaga nr. 7/1936.⁶¹ Ekki er að sjá að dómstólar hafi sérstaklega tekið á álitaefnum um t.d. brostnar forsendur fjárskiptasamninga í kjölfar hrunsins, en forvitnilegt yrði að láta reyna á slík álitaefni við þessar sérstöku aðstæður.

4. Umræða og ályktanir

Í þessari umfjöllun er lagt upp með að hrunið kalli ekki sérstaklega á breytingar á hjúskaparlögum eða undirstöðusjónarmiðum þeirra. Hins vegar er talið að hrunið hafi augljóslega sett fjölmarga einstaklinga í hjúskap, rétt eins og aðra, í fjárhagslega erfiða stöðu. Efnahagskreppan og umræðan í kjölfarið afhjúpi um leið hve grunnreglur hjúskaparlaga um fjármál hjóna komi mörgum á óvart þegar á reynir. Markmið með greininni var þannig að draga saman og varpa skýrari ljósi á nokkra meginþætti í fjármálaskipulagi hjóna. Þá var ætlunin að draga fram hvernig gera verði ráð fyrir að reyni á grunnreglurnar í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi og fjalla sérstaklega um nokkur áleitni atriði í því sambandi.

Eins og vikið var að í upphafi þá hafa vaknað ýmsar spurningar um stöðu og ábyrgð hjóna eftir hrunið. Það liggur fyrir að eignasöfnun var talsverð fyrir hrun en verðmæti eigna eftir það er væntanlega óljóst í flestum tilvikum. Þá tókst einhver fjöldi einstaklinga í hjúskap á hendur verulegar fjárskuldbindingar fyrir hrunið og/eða hefur þurft að þola talsvert tap og ekki er útséð með það enn hvaða kröfur verða gerðar á hendur einstaklingum eða hvernig uppgjöri verður háttað.⁶² Við þessar aðstæður er sérstaklega mikilvægt að minna á þær reglur sem gilda um eignir og skuldir hjóna og draga fram með hvaða hætti reynt getur á álitamál um t.d. eignarrétt, verðmæti eigna,

⁵⁸ Sjá t.d. Hrd. 1961, bls. 839 og Hrd. 1995, bls. 3012.

⁵⁹ Hrd. 2005, bls. 2841 (mál nr. 261/2005).

⁶⁰ Hans Viggo Godsk Pedersen: Familie- og arveret, 5. útg. Kaupmannahöfn 2001, bls. 104. Sjá sérstakar aðstæður í Hrd. 1998, bls. 4022 þar sem deilt var um verðgildi hlutabréfa.

⁶¹ Sbr. t.d. Hrd. 1984, bls. 1085 og Hrd. 2006, bls. 5339 (mál nr. 316/2006).

⁶² Í dæmaskyni um óvissu má nefna ný lög nr. 104/2010 um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda, sbr. Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 1441 – 659 mál. Einnig dóm Hrd. frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010, „Sanngirni tryggð með lagasetningu“ <http://www.efnabagsraduneyti.is/frettir/-frettatilkynningar/nr/3141>, sótt 20. september 2010 og „Krefst 15 milljarða frá fyrrverandi starfsfólki“ Fréttablaðið 18. maí 2010, bls. 6.

ábyrgð á skuldum, svo og riftun eða ógildingu samninga. Nokkuð kemur á óvart hve fá dómsmál hafa verið rekin um þessi álitæfni en eflaust verður að taka mið af þeirri óvissu sem ríkt hefur um skuldastöðu fjölmargra einstaklinga svo og þeim flóknu uppgjörsmálum sem álitæfnin tengjast, t.d. spurningunni um riftun kaupmála í tengslum við gjaldþrot.

Í kjölfar efnahagshruns af því tagi sem við höfum upplifað reynir sérstaklega á þekkingu manna á samspili sjálfstæðis og samstöðu hjóna og hér er því haldið fram að óljósar hugmyndir hafi valdið röngum ályktunum um ábyrgð í hjúskap og áhrif hjúskapar. Rétt er að víkja sérstaklega orðum að umræðu um það annars vegar að hjón hafi verið talin bera sameiginlega *ábyrgð* á öllum skuldbindingum maka eða hins vegar fullyrðingum um að skuldbindingar annars hjóna hafi engin *áhrif* á stöðu makans.⁶³

Samkvæmt meginreglunni um sjálfstæða skuldaábyrgð hjóna er ljóst að einstaklingar munu í fjölmörgum tilvikum bera einir *ábyrgð* á skuldum sínum og að skuldheimtumenn munu ekki geta dregið maka viðkomandi beint til ábyrgðar eða gengið að eignum makans.⁶⁴ Hér verður þó að fullyrða að eigna- og skuldastaða einstaklings í hjónabandi er alltaf til þess fallin að hafa *áhrif* á maka viðkomandi. Eigna- og skuldastaða hlýtur þannig í mörgum tilvikum að hafa veruleg áhrif á gagnkvæm framfærsluframlög, heimilisrekstur, verkaskiptingu og lífstíl. Eignir og skuldir annars hjóna hafa líka bein áhrif á stöðu makans ef til skilnaðar eða andláts kemur. Ef eignir eru t.d. að verulegu leyti í eigu þess sem skuldar mikið þá geta báðir staðið uppi slyppir og snauðir en ef eignir eru á hendi þess sem ekki ber formlega ábyrgð á skuld þá er staðan allt önnur. Ef hjón hafa gefið hvort öðru verulegar gjafir, t.d. í formi kaupmála eða fallið frá tilkalli til eigna við gerð fjárskiptasamnings getur skuldastaða þess sem gaf haft úrslitaáhrif á kröfur um riftun og kröfur á hendur gjafþega. Þá geta eflaust flestir tekið undir að óvissan og tjónið sem hlaut af hruni bankakerfisins er allt í senn fjárhagslegt, félagslegt, andlegt og sálrænt.⁶⁵ Gerbreytt eigna- og skuldastaða annars einstaklingsins í hjónabandi hlýtur að vera til þess fallin að valda einhverju tjóni beint eða óbeint fyrir alla fjölskylduna.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að það er ekki einfalt að svara spurningum um réttarstöðu hjóna eftir hrunið, hvers konar ábyrgð maki ber eða hver áhrif hrunsins verða eða eiga að vera fyrir hjón. Svarið hlýtur að ráðast af því hvers konar réttarstaða höfð er í huga, t.d. hvort svara þarf spurningum um deilur hjóna innbyrðis eða deilur þeirra við skuldheimtumenn og t.d. hvort deilur snúast um eignir, skuldir, samninga, uppgjör, ógildingu eða riftun. Þá geta vaknað sérstakar spurningar um hæfi tiltekins aðila sem er í hjónabandi til að móta eða taka stefnumarkandi, afdrifaríkar ákvarðanir ýmis í almennum eða einstaklingsbundnum málum þar sem reynt getur á sérstaka, persónulega hagsmuni maka.

⁶³ Sjá t.d. Helgi Sigurðsson: „Lán til starfsmanna Kaupþings banka hf.“ *Fréttablaðið* 4. júlí 2009, bls. 20.

⁶⁴ Sjá þó hér að framan um ábyrgð á skattskuldum.

⁶⁵ Sjá t.d. Steingrímur J. Sigfússon: „Orsakir og afleiðingar bankahrunsins: Land tekur að rísa“ *Fréttablaðið* 19. ágúst 2010.

Heimildir

- Alþingistiðindi.
- Anders Agell: *Nordisk äktenskapsrätt*, Nord 2003:2.
- Anne-Blanca Dahl og Sicile Tveøy: Skjevdeling í *Tidsskrift for familierett, arverett og barnevernrettslige spørsmål*, nr. 2, 2006, bls. 144-152.
- Arnaldur Sölvi og Stefán Ólafsson: „Heimur hátekuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993-2007“. *Fréttabréf Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands* nr. 3, 2009.
- Asbjørn Strandbakken: „Harmonisering av familietten í Norden“, *Lov og rett* nr. 10, 2004, bls. 620-636.
- Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008.
- Fréttablaðið: „*Kirkjubrúðkaupum fækkar*“. Fréttagrein, 2. júní 2010.
- Fréttablaðið: „*Krefst 15 milljarða frá fyrrverandi starfsfólki*“. Fréttagrein, 18. maí 2010.
- Fréttablaðið: „*Sprenging í kaupmálum: 105 kaupmálar voru gerðir strax eftir brun*“. Fréttagrein, 17. maí 2010.
- Grete K. Nielsen: Skjevdeling i et kvinneperspektiv, *Tidsskrift for familierett, arverett og barnevernrettslige spørsmål*, nr. 2, 2009, bls. 83-101.
- Hans Viggo Godsk Pedersen: *Familie- og arveret*, 5. útg. Kaupmannahöfn 2001.
- Helgi Sigurðsson: „*Lán til starfsmanna Kaupþings banka hf.*“ Fréttablaðið 4. júlí 2009, bls. 20.
- Hrefna Friðriksdóttir: „Lagaleg staða fjölskyldunnar – sifjaréttur“. Í ritinu *Fjölskyldan: Uppspretta lífsgilda*. Reykjavík 1994, bls. 71-82.
- Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja- og erfðaréttur“. Í ritinu *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*, Reykjavík 2009, bls. 435-512.
- Jonathan Herring: *Family Law*, 4. útg. Harlow 2009.
- Linda Nielsen: *Familieformueretten: Skilsmisse og skifte*, GAD, Kaupmannahöfn 1993.
- Mary Welstead og Susan Edwards: *Family Law* 2. útg. Oxford 2008.
- Peter Lødrup: „Strøtanker omkring særeie og felleseie, skjevdeling og juridisk terminologi“. *Jussens Venner* nr. 4-5, 2002, bls. 205-215.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir: *Ungmennni og attartengsl: Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík 2008.
- Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008*. Alþingi 2010.
- Stefán Ólafsson: „Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns.“ *Stjórnsmál og stjórnýsla* 2. tbl. 4. árg. 2008.
- Steingrímur J. Sigfússon: „Orsakir og afleiðingar bankahrunsins: Land tekur að rísa“. *Fréttablaðið*, 19. ágúst 2010.

Dómaskrá

- Hrd. 1959, bls. 73*
- Hrd. 1961, bls. 839*
- Hrd. 1991, bls. 745*
- Hrd. 1992, bls. 945*
- Hrd. 1992, bls. 2325*
- Hrd. 1995:3012*
- Hrd. 1997, bls. 2252*
- Hrd. 1998, bls. 4022*
- Hrd. 1999, bls. 1808 (mál nr. 383/1998)*
- Hrd. 2002, bls. 232 (mál nr. 34/2002)*
- Hrd. 2002, bls. 1476 (mál nr. 307/2001)*
- Hrd. 2002:1718 (mál nr. 146/2002)*
- Hrd. 2003, bls. 964 (mál nr. 354/2002)*
- Hrd. 2005, bls. 1150 (mál nr. 73/2005)*

Hjúskapur og brun

Hrd. 2005, bls. 2841 (mál nr. 261/2005)

Hrd. 2006, bls. 2125 (mál nr. 202/2006)

Hrd. 2006, bls. 5186 (mál nr. 579/2006)

Hrd. frá 27. ágúst 2007 í máli nr. 369/2007

Hrd. frá 13. mars 2008 í máli nr. 384/2007

Hrd. frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 13. nóvember 1996 í máli nr. E-178/1996

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. mars 2010 í máli nr. E-3856/2009

Dómur héraðsdóms Austurlands frá 28. júní 2010 í máli nr. Q-1/2010

Rt. 1990:1226

Rt. 1996:1666

Vefslóðir (síðast skoðaðar 11. október 2010):

www.hagstofa.is

www.syslumenn.is